

## Leiðbeinandi viðmið um reglubundið eftirlit

Hér á eftir fara leiðbeinandi viðmið um vettvangsheimsóknir í eftirliti. Viðmiðin eru byggð á verklagsreglum Umhverfisstofnunar og lágmarksviðmiðum Evrópusambandsins um vettvangsheimsóknir í eftirliti.<sup>1</sup>

Viðmið Evrópusambandsins eru sett til þess að stuðla að samræmingu á framkvæmd eftirlits í aðildarríkjunum samkvæmt umhverfislöggjöf ESB. Nauðsynlegt þótti að gefa út leiðbeiningar í formi lágmarksviðmiða, til þess að nota sem sameiginlegan grundvöll fyrir eftirlit með mengandi starfsemi innan aðildarríkjanna. Þau eru ekki bindandi en þar koma fram leiðbeiningar um skipulagningu, framkvæmd, eftirfylgni og eftirlitsskýrslur.

IMPEL (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar) hefur gefið út leiðbeiningar um innleiðingu á framangreindum viðmiðum. Leiðbeiningarnar má nálgast á þessari vefslóð:

<https://www.impel.eu/wp-content/uploads/2016/06/step-by-step-guidance-book-final-2007-12-11.pdf>

### 1. Markmið leiðbeininganna

Eftirlit skal fara fram í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar hvað varðar skipulagningu, framkvæmd, eftirfylgni og kynningu á niðurstöðum eftirlits. Með þessu er stefnt að því að meiri samræming sé fyrir hendi á landinu öllu hvað varðar túlkun laga og reglna og framkvæmd eftirlits með starfsleyfishöfum í mengandi starfsemi.

Markmið eftirlits skal vera það að stuðla að aukinni umhverfisvernd. Til að tryggja að skipulag og framkvæmd eftirlits sé í samræmi við leiðbeiningar þessar skal gripið til nauðsynlegra aðgerða

### 2. Almennt um mengunar- og hollustuháttaeftirlit

Eftirlit felst bæði í því að fara í vettvangsheimsóknir og ganga úr skugga um að starfsemi rekstraraðila sé í samræmi við lög, reglur og starfsleyfi, en felst einnig í því að hafa almennt eftirlit með starfsleyfishafa. Þetta almenna eftirlit er mis-umfangsmikið en getur falist í því að:

- Taka við kvörtunum, spurningum og ábendingum; leita skýringa hjá starfsleyfishafa og svara erindum.
- Fylgja eftir skilum gagna skv. starfsleyfi, að þau berist á réttum tíma.
- Fara yfir innsend gögn og meta hvort þau séu í samræmi við ákvæði starfsleyfis og viðkomandi laga og reglugerða.
- Svara erindum og fyrirspurnum frá starfsleyfishöfum (og öðrum) eftir því sem við á.

---

<sup>1</sup> Recommendation of the European Parliament and of the Council of 4 April 2001 providing for minimum criteria for environmental inspections in the Member States (2001/331/EC)  
<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32001H0331>

- Uppfæra gögn í gagnagrunnum og gögn starfsleyfishafa á heimasíðu eftirlitsaðila reglulega.
- Úrvinnsla úr gögnum starfsleyfishafa og miðla til viðeigandi stjórnvalda, almennings og hvers sem geta nýtt upplýsingarnar.

### 3. Undirbúningur vettvangsheimsóknar

Undirbúningur eftirlits felst í því að eftirlitsaðili skoðar eldri eftirlitsskýrslur, úrlausn frávika frá síðustu árum, úrbótaáætlanir, niðurstöður vöktunar og önnur gögn sem við eiga og athuga með tímafresti í starfsleyfi.

#### 1. Niðurstöður síðasta eftirlits skoðaðar og eftirfarandi atriði athuguð:

- Hafa borist úrlausnir á athugasemdum eða frávikum?
- Kanna hvort þvingunarúrræðum hefir verið beitt vegna frávika. Hver er staðan á þeim?
- Hefur verið leyst úr útistandandi erindum og fyrirspurnum fyrirtækisins eftir síðasta eftirlit?
- Tilkynna fyrirhugað eftirlit til annarra stjórnvalda ef við á.

#### 2. Mælingar

- Hafa allar mælingar farið fram (niðurstöðum skilað inn) sem eiga að hafa farið fram skv. starfsleyfi frá því í síðasta eftirliti?
- Eru niðurstöður mælingar innan tilgreindra marka í starfsleyfi?
- Hafa mælitæki verið kvörðuð eins og kveðið er á um í starfsleyfi (ef við á)?

#### 3. Skýrsluskil

- Hefur starfsleyfishafi skilað inn til eftirlitsaðila öllum þeim skýrslum sem þeim ber skv. starfsleyfi frá því síðasta eftirlit fór fram?
- Eru gæði skýrslanna ásættanleg?

#### 4. Skráningar

- Er staðfest að starfsleyfishafi sinni þeim skráningum í rekstri sem honum ber?
- Eru skráningar í samræmi við ákvæði í starfsleyfi?
- Eru kvittanir aðgengilegar í eftirliti?
- Ef við á: Hefur umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi) verið skilað inn?

#### 5. Skírteini, áætlanir o.fl.

- Sannreyna að öll skírteini (s.s. tryggingar), áætlanir (s.s. um frágang og viðbrögð) og fleira sé til staðar.
- Eru öll gögn komin inn í viðeigandi gagnagrunna.
- Er búið að uppfæra gögn fyrirtækisins á heimasíðu viðkomandi eftirlitsstjórnvalds.

#### 6. Óhöpp, kvartanir.

- Hefur verið tilkynnt um óhöpp í starfsstöð frá síðasta eftirliti? Hefur eftirlitsaðila verið tilkynnt um orsakir óhapps, viðbrögð og aðgerðir í kjölfar þess í því skyni að draga úr líkum á að slíkt gerist aftur?
- Hafa borist kvartanir vegna starfseminninnar? Hefur fengist skýring við þeim og bætt úr ef við á?
- Hafa komið upp atvik eða mál sem tengjast starfsstöð eða starfsemi og rétt þykir að taka upp við eftirlitsþega.

7. **Boðun vettvangsheimsóknna (eftirlitsferða) eftir því sem við á.**
- Þegar það á við boðar eftirlitsmaður komu sína og sendir út dagskrá eftirlitsins, þ.e.a.s. hvað verði skoðað sérstaklega og hvaða gögn þurfi að liggja fyrir. Útbúa skal dagskrá með áherslum eftirlits
  - Finna dagsetningu í samvinnu við rekstraraðila  
Í sumum tilvikum getur verið ástæða til að koma í óboðað eftirlit án fyrirvara.

## 1. Vettvangsheimsóknir - eftirlitsferðir

Tryggt skal að ávallt sé farið eftir eftirfarandi atriðum/viðmiðum þegar farið er í vettvangsheimsóknir:

- **Lög og reglur.** Eftirlitsaðili skal kynna sér þau lög og reglur sem við eiga hverju sinni. Þess skal gætt hvort starfsleyfishafi starfi sé í samræmi við þau.
- **Önnur stjórnvöld.** Fari fram eftirlit hjá starfsleyfishafa á vegum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds, skal þess gætt að eftirlitsstjórnvöld skiptist á upplýsingum og, eins og frekast er unnt, samræmi vettvangsheimsóknir og aðra vinnu í tengslum við eftirlit með umhverfinu.
- **Eftirlitsskýrslur.** Að gefnar séu út eftirlitsskýrslur í samræmi við fyrirmæli þessi og þær gerðar aðgengilegar almenningi sem og öðrum stjórnvöldum.

## 2. Reglubundnar vettvangsferðir

Farið skal reglulega í vettvangsheimsóknir sem hluti af eftirliti.

Fara skal að eftirfarandi viðmiðum fyrir slíkar heimsóknir:

- **Umhverfisáhrif könnuð.** Að öll umhverfisáhrif séu könnuð í samræmi við þau lög og reglur sem við eiga, eftirlitsáætlanir og skipulag eftirlitsaðila.
- **Aukin þekking starfsleyfishafa.** Slíkar heimsóknir skulu miða að því að styrkja í sessi og stuðla að aukinni þekkingu starfsleyfishafa á viðeigandi lögum og reglum sem við eiga. Stefnt skal að því að gera hann meðvitaðari um umhverfisáhrif sem starfsemi hefur í för með sér.
- **Starfsleyfi.** Að eftirlitsaðili meti umhverfisáhættu og -áhrif sem af starfsemi hlýst og hvort verið geti að nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfi að hluta eða í heild.

Sérfræðingur fer yfir hvort bætt hafi verið úr frávikum og ábendingum fyrri eftirlita eftir því sem við á. Minnt er á skiladaga í starfsleyfi og endurnýjun starfsleyfis renni það út innan tveggja ára frá eftirliti.

Sé um fyrsta eftirlit til rekstraraðila að ræða er farið yfir umsagnafrest á skýrsludrögum, hvað felst í athugasemdum og frávikum og eftirfylgni frávika.

Ef fram hefur komið í eftirliti að bráð hætta steðji að eða frávik sem eru þess eðlis að æskilegt er að brugðist verði þegar við, ber eftirlitsaðila að koma ábendingum strax til starfsleyfishafa. Eftirlitsaðili metur hvort þörf er á aðgerðum. Sjá nánari upplýsingar um þvingunarúrræði í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um eftirfylgni eftirlits.

Sé eftirlitsaðila meinaður aðgangur að starfsvæði starfsleyfishafa er starfsleyfið á við um, er heimilt að kalla til lögreglu sbr. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eftirlitsaðili hefur ætíð heimild til myndatöku á öllum starfstöðvum rekstraraðila en ber að láta vita með fyrirvara að myndataka sé fyrirhuguð en myndir eru almennt ekki birtar í eftirlitsskýrslu.

### Fara yfir atriði sem fram komu í síðustu eftirlitsskýrslu.

- Fara yfir skráningar, mælingar og skýrsluskil - bæði það sem hefur verið skilað (á að hafa verið skilað) og það sem er á döfinni, það sem eftir er á árinu og/eða fram að næsta eftirliti.
- Farið yfir atriði sem koma upp í undirbúningi eftirlits, sbr. liði hér að framan
- Benda á ef líður að lokum gildistíma starfsleyfis, skírteina eða annars þar að lútandi
- Farið reglulega yfir verkferla og vinnulag
- Kanna hvort fyrirhugaðar séu breytingar á starfsstöð eða starfsháttum.
- Skipulega farið yfir starfsemi, skoðaðar helstur mengunaruppsprettur og mengunarvarnir eins og aðstaða er til og hægt er, t.d. í samræmi við gátlista - eftirlitsferð (skoðunarferð).
- Kanna hvort bækur, skýrslur, upplýsingablöð og/eða teikningar o.þ.h. sem eiga að vera á staðnum séu það í raun og veru. Fara yfir kvittanir fyrir úrgangslausun og tæmingu olúgildra.
- Starfstöð skoðuð og gengið úr skugga um að starfsemin sé skv. ákvæðum starfsleyfis.

### 3. Óvenjubundnar vettvangsferðir

Eftirlitsaðilar skulu tryggja að óvenjubundnar vettvangsferðir fari fram:

- Þegar um er að ræða alvarlegar kvartanir. Alvarlegar kvartanir eru rannsakaðar og slíkar vettvangsferðir skulu fara fram eins fljótt og hægt er eftir að kvörtun berst eftirlitsaðila.
- Í tengslum við starfsleyfisútgáfu, þegar við á:
  - Þegar ákveðið er hvort og með hvaða skilyrðum fyrsta starfsleyfi rekstraraðila er gefið út eða til þess að ganga úr skugga um að starfsleyfishafi fari að ákvæðum starfsleyfis eftir að það hefur verið gefið út og áður en hann tekur til starfa.
  - Fyrir endurútgáfu, endurnýjun eða breytingu á starfsleyfum.

Nánar leiðbeinandi viðmið um óvenjubundin eftirlit má sjá á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### 4. Eftirlitsskýrslur

Eftirlitsaðilar skulu, eftir hverja vettvangsheimsókn, taka saman skýrslu um eftirlitið, þ.e. niðurstöður eftirlitsins og umfjöllun um hvort starfsleyfishafi starfi í samræmi við lög og reglur. Frávik og ábendingar við starfsemina skulu skráð í eftirlitsskýrslu.<sup>2</sup> Frávik skulu sett fram með skýrum hætti og tekið skal fram frá hvaða kröfu í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum er vikið.

Ásamt þessu skal fjallað um hvort gripið skuli til frekari aðgerða, t.d. þvingunarúrreða, kæru til lögreglu, endurskoðun starfsleyfis, annarrar vettvangsheimsóknar o.s.frv. Eftirlitsskýrslur skulu útbúnar eins fljótt og hægt er að vettvangsheimsókn lokinni.

---

<sup>2</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
**Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

### Drög að eftirlitsskýrslu send

Vinna skal drög að eftirlitsskýrslu í framhaldi af eftirlitsferð og senda til starfsleyfishafa eins fljótt og hægt er að vettvangsheimsókn lokinni. Leitast skal við að annar eftirlitsmaður innan stjórnvaldsins lesi og yfirfari drög að eftirlitsskýrslu áður en hún er send rekstraraðila.

Eftir að skýrslan hefur verið lesin yfir, eru drög að eftirlitsskýrslu send starfsleyfishafa. Drögin skulu send starfsleyfishafa sem fyrst í tölvupósti á tengilið rekstraraðila og eftir tilvikum á opinbert tölvupóstfang fyrirtækisins. Starfsleyfishafa skal gefinn kostur á að koma að athugasemdum varðandi eftirlitsskýrslu, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga. Staðfesting á móttöku tölvupóstsins þarf að berast frá rekstraraðila sé um frávik í skýrslu að ræða.

### Bréf og eftirlitsskýrsla send

Hafi starfsleyfishafi gert athugasemdir við eftirlitsskýrsluna þarf að taka afstöðu til þeirra áður en gengið er frá lokaskýrslu.

Þegar frestur sem gefinn var til athugasemda er liðinn, gengur eftirlitsaðili frá skýrslu og sendir lokaftirlitsskýrslu í bréfpósti og í tölvupósti til starfsleyfishafa. Eftirlitsskýrslan skal að því loknu birt á vefsíðu eftirlitsaðila.

Bréf skal einnig sent samhliða lokaskýrslu þar sem fjallað er um frávik og ábendingar sem skráð voru í eftirliti. Hafi engin slík verið skráð, skal það tekið fram. Ef engin frávik eru tilgreind í eftirlitsskýrslu er ekki þörf á frekari aðgerðum þegar bréfið hefur verið sent. Í bréfinu skal veittur frestur til að bregðast við frávikum, senda úrbótaáætlun eða staðfestingu á því að úr frávikum hafi verið bætt.

Tryggja skal að eftirlitsskýrslur séu á fullnægjandi skriflegu formi og haldið utan um þær í aðgengilegum gagnagrunni. Skýrslurnar skulu sendar starfsleyfishafa og skulu gerðar aðgengilegar almennungi innan tveggja mánaða frá því að vettvangsheimsókn fór fram. Ljósmyndir eru ekki settar í eftirlitsskýrslu.

## 5. Rannsóknir á alvarlegum slysum, óhöppum og frávikum þar sem reglum er ekki fylgt.

Eftirlitsaðilar skulu rannsaka alvarleg slys, óhöpp og tilvik þar sem lögum og reglum er ekki fylgt, sama á hvaða hátt þau koma til vitundar eftirlitsaðila.

### Rannsóknin skal:

- Hafa það markmið að leiða í ljós orsakir atburðarins, áhrif hans á umhverfið, hvar ábyrgðin liggur og hvort skaðabótaábyrgð geti mögulega hlotist af. Niðurstöðum hvað framangreind atriði varðar skal komið á framfæri við það yfirvald sem ábyrgð ber á því að framfylgja þeim reglum sem við eiga, ef ske kynni að viðkomandi yfirvald sé ekki sá sem rannsakar.
- Draga úr, og ef hægt er, bæta úr því umhverfistjóni sem hlotist hefur af viðkomandi atburði með því að ákvarða hvaða úrbóta eigi að grípa til af hálfu starfsleyfishafa og eftirlitsaðila.
- Ákvarða hvaða aðgerða eigi að grípa til að koma í veg fyrir frekari slys, óhöpp og tilvik þar sem reglum er ekki fylgt.
- Beita þvingunarúrræðum, eða kæra atvikið, ef við á.
- Sjá til þess að starfsleyfishafi grípi til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til úrbóta.